

Alþingi
Erindi nr. P 128/1130
komudagur 19.2.2003

HANDKNATTLEIKSSAMBAND ÍSLANDS

Engjavegur 6 104 Reykjavík Ísland Sími 514-4200 Fax 514-4201 Netfang hsi@hsi.is



Þriðjudagur, 18. febrúar 2003

Alþingi – Menntamálanefnd.

Ágætu þingmenn.

Ályktun

Á formannafundi íþróttafélaganna innan Handknattleikssambands Íslands, sem haldinn var helgina 14/2 til 15/2 ásamt stjórn sambandsins var ályktað eftirfarandi:


Fundurinn lýsir yfir eindregnum stuðningi sínum og hreyfingarinn við fram koma tillögu til þingsályktunar þskj. 57 – 57 mál borið upp á 128. löggjafarþing 2002-2003 um ferðasjóð íþróttafélaga.

“Alþingi ályktar að veita árlega af fjárlögum fé í ferðasjóð íþróttafélaga til að standa straum af kostnaði við keppnisferðir þeirra á viðurkennd mót. Úthlutun fari eftir reglum sem menntamálaráðherra setur.”

Í greinagerð kemur meðal annars fram mikilvægi þess að íþróttafélög geti sótt um ferðastyrki til að mæta kostnaði við að senda keppnislið á milli byggðarlaga til þátttöku í íþróttamótum. Íþróttáástundun er hverju byggðarlagi afskaplega mikilvæg. Um er að ræða eina mestu forvörn fyrir ungt fólk. Að auki eiga keppnislið einstakra sveitarfélaga drjúgan þátt í að efla samkennd og samstöðu íbúa sveitarfélaganna.

Hlutverk þessa ferðasjóðs er að jafna aðstöðumun og stuðla að öflugra íþróttastarfi í landinu.

Virðingarfyllt,
fh. Íþróttafélaga innan HSÍ og stjórnar Handknattleikssamband Íslands,


Guðmundur A. Ingvarsson, formaður.